



Greinargerð með fjárhagsáætlun 2024-2027

Síðari umræða í
bæjarstjórn Akureyrarbæjar
5. desember 2023

Inngangur

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2025–2027 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta.

A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóðum. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í Eignasjóði gatna, Fasteignum Akureyrarbæjar og Umhverfismiðstöð er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna, gatna og hirðingu bæjarlandsins. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana.

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármögnuð eru með þjónustutekjum, en þau eru m.a. félagslegar íbúðir, bifreiðastæðasjóður, Strætisvagnar Akureyrar, Hafnasamlag Norðurlands, Hlíðarfjall og Norðurorka. Greinargerð með fjárhagsáætlun er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

Efnisyfirlit

Vinnuferli fjárhagsáætlunar

Forsendur áætlunar

Fjárhagsáætlun

Framkvæmdir

Málaflokkayfirlit

Vinnuferli fjárhagsáætlunar

- **Bæjarstjórn** mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggist á.
- **Bæjarstjóri** boðar bæjarstjórn, formenn fagráða og sviðsstjóra á vinnufund um áherslur fjárhagsáætlunar næsta árs.
- **Sviðsstjórar** og fagráð fjalla um og gera tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta.
- **Fagráð** fjalla um drög að starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** leggur fram til bæjarráðs forsendur fjárhagsáætlunar og áætlar ráðstöfunarfé bæjarins og leggur fram tekjuáætlun.
- **Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs** leggja fram tillögu í bæjarráði að skiptingu ráðstöfunarfjár næsta fjárhagsárs, annars vegar milli rekstrar og fjárfestinga og hins vegar skiptingu rekstrarfjárins niður í fjárhagsramma til einstakra málaflokka auk ramma til ófyrirséðra útgjalda. Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfé, útgjaldapróun undanfarinna ára, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þriggja ára áætlun, fyrirliggjandi kjarasamningum svo og af stefnumótun bæjarstjórnar og áherslum.
- **Bæjarráð** samþykkir forsendur, tekjuáætlun og fjárhagsramma.
- **Bæjarstjóri** felur **sviðsstjórum** að ganga frá starfsáætlunum, launaáætlun, breytingum á gjaldskrá og tillögum í frumvarp að fjárhagsáætlun og leggja fyrir bæjarráð.
- **Sviðsstjóri**, sem fengið hefur fjárhagsramma, vinnur drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun í samvinnu við fagráð og sendir fjársýslusviði sem útbýr frumvarp fyrir bæjarráð. Skal sú vinna byggja á samstarfssamningi meirihluta hverju sinni og þeim fjármunum sem málaflokknum er úthlutað í fjárhagsramma.
 - Öll rekstrargjöld sem falla undir málaflokk skulu vera innan fjárhagsrammans.
 - Starfsáætlun er útfærsla á því hvernig fjármunum málaflokksins verður varið þ.e. hvernig þeim skuli skipt milli stofnana málaflokksins og lýsir því hvernig rekstri málaflokksins verði fyrir komið innan rammans.
- **Bæjarráð** fjallar um drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ráða í einstökum málaflokkum og þær breytingar á starfsemi sem í þeim felast. Bæjarráð getur óskað eftir að starfsáætlun sé endurunnin eða gert tillögu að breytingum.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** vinnur frumvarp að fjárhagsáætlun auk greinargerðar um frumvarpið og leggur fyrir bæjarráð.
- **Bæjarráð** fjallar um fjárhagsáætlanir sviða og vísar þeim til bæjarstjórnar.
- **Bæjarstjórn** fjallar um og samþykkir fjárhagsáætlanir á tveimur fundum. Starfsáætlanir eru staðfestar í bæjarstjórn.

Hlutverk í áætlunarferli

- **Bæjarstjórn** mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggir á, samþykkir breytingar á gjaldskrá, þjónustustigi og starfsemi.
- **Bæjarráð** samþykkir tekjuramma og skiptingu rekstrarfjár í fjárhagsramma málaflokka. Ráðið gerir tillögur að breytingu í rekstri, á gjaldskrá og þjónustustigi, fjallar um og samþykkir tillögur sviðsstjóra að starfsáætlun og skiptingu rekstrarramma málaflokks niður á stofnanir. Bæjarráð fjallar um tillögur til nýframkvæmda, leggur fram tillögur um starfs- og fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í bæjarstjórn og eftir atvikum breytingatillögur til síðari umræðu.
- **Bæjarstjóri** og **formaður bæjarráðs** bera ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar, þau leggja fram tillögu í bæjarráði að skiptingu ráðstöfunarfjár næsta árs milli rekstrar og fjárfestinga og rekstrarfjár niður í fjárhagsramma til einstakra málaflokka auk ramma til ófyrirséðra útgjalda. Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfé, útgjaldaþróun undanfarinna ára, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þriggja ára áætlun og af stefnumótun bæjarstjórnar og áherslum.
- **Fagráð** er bæjarstjórn til ráðuneytis um stefnumótun og forgangsröðun verkefna. Leggur fram tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta. Fjallar um fjárhagsáætlun og samþykkir starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.
- **Sviðsstjórar** vinna starfsáætlanir í samráði við fagráð, gera tillögu til bæjarráðs um skiptingu fjárhagsramma niður á stofnanir og verkefni á þeirra sviði. Bera ábyrgð á að skila sundurliðaðri fjárhagsáætlun á einstaka gjaldaliði til fjársýslusviðs.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** áætlar skatttekjur og aðrar tekjur aðalsjóðs næstu ára, leggur fram yfirlit yfir helstu forsendur varðandi þróun tekna og gjalda, forsendur fjárhagsáætlunar og mat sitt á almennum verðbreytingum milli fjárhagsára. Fer yfir fjárhagsáætlanir, aðgætir hvort að þær séu samkvæmt gefnum forsendum, leiðbeinir um samræmda framsetningu fjárhags- og starfsáætlunar, annast frágang og útgáfu að tillögum og samþykktri fjögura ára fjárhagsáætlun.

Forsendur áætlunar - Efnahagssumhverfi

Forsendur fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar 2024 byggir á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í júní 2023, spám bankanna sem og spá Seðlabankan Íslands.



Spá Hagstofu gerir ráð fyrir 4% hagvexti árið 2023, 2,5% hagvexti árið 2024, 2,4% á árinu 2025 og 2,6% á árinu 2026 og 2,5% árið 2027.



Kjarasamningar á almennum og opinberum markaði eru að losna í lok ársins eða á fyrrihluta næsta árs. Í áætluninni er ekki birt spá um breytingu á launum vegna væntanlegra kjarasamninga. Að sama skapi er ekki reiknað með launabreytingum vegna kjarasamninga í tekjuáætlun vegna útsvars.




Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2023 verði 8,5%, 5,5% á árinu 2024, 3,2% á árinu 2025 og verði komin í 3,0% og 2,8% árin 2026 og 2027.



Þann 1. janúar 2023 voru bæjarbúar 19.893. Íbúum hefur að meðaltali fjölgað um 1,21% á ári frá árinu 2016. Á árinu 2022 fjölgaði íbúum um 251 íbúa. Áætlað fjölgun íbúa á árinu 2023 er 330 og 300 á ári eða 1,4% út áætlunartímabilið.

Íbúafjöldi á Akureyri - miðað við 1. janúar ár hvert





Forsendur áætlunar - Tekjur



Skatttekjur

- Útsvarsprósenta Akureyrarbæjar er 14,74%
Í áætlunin er ekki spáð um kjarasamningsbundnar launahækkanir en flestir kjarasamningar eru lausir undir lok árs eða á fyrri hluta næsta árs.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði árið 2023 er 0,31% af fasteignamati og gert er ráð fyrir óbreyttri álagningarprósentu.
Álagningarprósenta á annað húsnæði er óbreytt milli ára, eða 1,32% af fasteignamati skóla, sjúkrahúsa, bókasafna og íþróttahúsa og 1,63% af öðru húsnæði.



Framlög Jöfnunarsjóðs


- Akureyrarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fasteignagjalda, grunnskóla, þjónustu við fatlaða, nýbúafræðslu o.fl.
- Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs á árinu 2024 verði 5,25 ma.kr.

Aðrar tekjur



- Almennt var gert ráð fyrir 9% hækkunum á gjaldskrá í samræmi við verðlagsbreytingar á milli ára.
Gjaldskrá leikskólagjalda verður breytt með innleiðingu gjaldfrjálsra leikskóla frá 08:00-14:00.

Fasteignamatsstofn árið 2024 (þús.kr.)



● A - Íbúðarhúsnæði ● B - Opinbert húsnæði ● C - Atvinnuhúsnæði

Fasteignamatsstofn (þús.kr.)

Ár	A- flokkur, íbúðarhúsnæði	B- flokkur, opinbert húsnæði	C- flokkur, atvinnuhúsnæði
2024	505,200,000	34,360,000	88,282,000
2023	432,947,000	32,920,000	84,118,000
2022	341,668,932	29,824,166	73,008,575
2021	329,065,595	27,113,680	66,932,616
2020	319,443,569	26,623,934	65,466,152
2019	286,806,106	24,552,224	60,204,234

Forsendur áætlunar - Gjöld tengd launum

Laun, launatengd gjöld, persónu- og orlofsuppbót

- Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og tekur mið af gildandi kjarasamningum.
- Ekki er gert ráð fyrir né spáð fyrir um launahækkanir á árinu 2024 í áætluninni. Sama á við um áætlun tekna, þar er ekki spáð fyrir um launabreytingar á næsta ári.
- Áætlunin mun því taka breytingum bæði tekna- og gjaldamegin þegar gerð kjarasamninga er lokið.

Nefndarlaun


- Nefndarlaun nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarlaunum sbr. reglur um laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks sem nálgast má á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Stytting vinnuviku - Betri vinnutími

- Á árinu 2021 styttist vinnutími flestra starfsmanna fyrir utan starfsfólk slökkviliðs og skólastjórnendur sem hófu styttingu á árinu 2022.
- Kostnaðarauki vegna betri vinnutíma vaktavinnufólks er að meðaltali um 10% þar sem ráða þarf fleiri starfsmenn til starfa.
- Vinnutímastyttingin verður að fullu innleidd á árinu 2023.

Áætluð stöðugildi að meðaltali árið 2024

Stöðugildi A-hluta	Stöðugildi B-hluta
1.467	145



Launavísitala mælir mánaðarlegar breytingar á reglulegum launum á íslenskum vinnumarkaði og sýnir almenna launaþróun. [-hagstofan.is](https://www.hagstofan.is)




Forsendur áætlunar - Fasteignir og annar rekstrarkostnaður



Vísitala neysluverðs

- Vísitala til verðtryggingar er 599,9 stig í nóvember 2023 og gert er ráð fyrir að hún verði orðin 634 stig í árslok 2024.
- Meðalvísitala neysluverðs innan ársins 2024 er áætluð 622,5 stig en 592 stig árið 2023.
- Vísitala neysluverðs hefur áhrif á fjármagnsliði og húsaleigu í áætlun áráanna 2024-2027.



Annar rekstrarkostnaður

- Gert er ráð 9% kostnaðarauka árið 2024 í öðrum rekstrarkostnaði.



Húsaleiga Fasteigna Akureyrarbæjar

- Umhverfis- og mannvirkjasvið annast rekstur, nýbyggingar og kaup og sölu fasteigna. Viðmiðunarleiga samanstendur af stofnverði eða raunkostnaði fjárfestingar, vaxtakjörum sveitarfélagsins, afskriftum, sköttum og tryggingum, viðhaldi húsa og lóða sem er 1%-4% af stofnverði sem og umsýslukostnaði sem er 0,5% af stofnverði.
- Húsaleiga framreiknast samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- Áætlað er að tekjur Fasteigna Akureyrarbæjar á árinu 2024 verði 4.601 m.kr.



Afskriftir og afskriftatími

- Fasteignir og lóðir: 2,5%-4% - 25 - 40 ár
- Veitukerfi: 4% - 25 ár
- Vélar og tæki: 7%-33% - 3-15 ár
- Leigðar eignir: 4%-13% - 8-25 ár



Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða



Árið 2024 er gert ráð fyrir 2.890 m.kr. afgangi í A- og B-hluta fyrir fjármagnsliði og rekstrarniðurstaða áætluð 493 m.kr. í afgang.



Gert er ráð fyrir batnandi afkomu til ársins 2027.



Heildareignir A- og B-hluta árið 2024 eru áætlaðar um 71.674 m.kr. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 43.273 m.kr. og eigið fé 28.401 m.kr.



Tekjur A- og B-hluta eru áætlaðar 33.837 m.kr. árið 2024 og skiptast í skatttekjur sem eru 53,42% af heildartekjum, framlög frá Jöfnunarsjóði 15,52% og aðrar tekjur 31,06%.




Gjöld A- og B-hluta eru áætluð 28.602 m.kr. Laun, launatengd gjöld og lífeyrisskuldbinding nema 62,86% af heildargjöldum, annar rekstrarkostnaður 29,56% og afskriftir 7,58%.




Fjármagnsgjöld nema 2.419 m.kr.

Rekstrarniðurstaða


● Rekstrarniðurstaða ● Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða



Tekjur 2024



Gjöld 2024








Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri

- Veltufé frá rekstri gefur til kynna hve miklu fé reksturinn hefur skilað á árinu og hægt er að ráðstafa til fjárfestinga og afborgana skulda og skuldbindinga.
- Áætlað er að veltufé frá rekstri aukist jafnt og þétt frá árinu 2022.
- Á árinu 2024 er áætlað að veltufé frá rekstri verði 5.133 m.kr. eða 15% af heildar-tekjum.
- Heildarfjárfestinar á tímabilinu 2024-2027 eru áætlaðar 20,2 ma.kr.



Fjárhagsáætlun A- og B-hluti - Lántaka



Afborganir langtímaskulda

- *Langtímalán* eru lán til lengri tíma en eins árs.
- *Skammtímalán* eru lán til eins árs eða skemur þ.á.m. næsta árs afborganir langtímalána.
- Gert er ráð fyrir hækkun veltufjár frá rekstri út áætlunartímann og afborganir langtímalána hækki.
- Á árunum 2024-2027 er gert ráð fyrir auknum lántökum vegna fjárfestinga.

Ný lántaka 2024-2027

8,300

Afborganir lána 2024-2027

7,612

Fjárfesting 2024-2027


20,158

*Upphæðir eru í m. kr

Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Skuldahlutfall

Skuldahlutfall

- *Skuldahlutfall* er hlutfall heildarskulda af heildartekjum.
- *Skuldaviðmið skv. reglugerð* er skuldahlutfall að frádregnum ákveðnum skuldbindingum sem heimilt er að taka út fyrir skuldahlutfall og er því nokkru lægra.
- Skuldaregla sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 kveður á um að *skuldaviðmið* samstæðu sé ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum.





Skuldahlutfall 2024

128%

Skuldaviðmið 2024

94%

Fjárhagsáætlun A- og B-hluti - Rekstrarjöfnuður



Samkvæmt 13. grein reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, viðmið um jafnvægi í rekstri, skal sveitarstjórn sjá til þess að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta yfir þriggja ára tímabil verði ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja. Í því felst að samanlögð rekstrarniðurstaða samkvæmt ársreikningi fyrir næstliðið ár, áætluð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.



Framkvæmdayfirlit 2024-2027

Framkvæmdir




- Á árinu 2024 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 5.348 m.kr. og heimild til lántöku að fjárhæð 2.500 m.kr. sbr. sjóðstreymisyfirlit.



- Á áætlunartímabilinu öllu er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 20.748 m.kr.

Framkvæmdayfirlit A- og B-hluti (m.kr.)




Framkvæmdayfirlit	2024	2025	2026	2027	Samtals
Fasteignir Akureyrarbæjar	1,752,500	2,015,000	1,560,000	1,595,000	6,922,500
Umhverfismiðstöð	10,000	40,000	40,000	40,000	130,000
Eignasjóður gatna o.fl.	543,000	450,000	555,000	380,000	1,928,000
A- hluti	2,305,500	2,505,000	2,155,000	2,015,000	8,980,500
Félagslegar íbúðir	372,500	242,500	415,000	405,000	1,435,000
Strætisvagnar Akureyrar	20,000	90,000	206,000	105,000	421,000
Bifreiðastæðasjóður Akureyrar	20,000	30,000	20,000	20,000	90,000
Hlíðarfjall	300,000	90,000	40,000	40,000	470,000
Hafnamannvirki	429,000	659,000	427,620	100,000	1,615,620
Norðurorka	1,901,000	1,670,000	1,580,000	1,695,000	6,846,000
Framkvæmdaáætlun A- og B- hluta	5,348,000	5,286,500	4,843,620	4,680,000	20,158,120



Framkvæmdayfirlit Fasteigna Akureyrarbæjar 2024-2027

Fasteignir Akureyrarbæjar	2024	2025	2026	2027	Samtals
Nýtt hjúkrunarheimili, hluti Ak-bæjar	75,000	250,000	215,000	110,000	650,000
Glerárskóli - endurbætur og lóð	468,500	120,000	30,000	400,000	1,018,500
Hagahverfi leikskóli	26,000	300,000	320,000		646,000
Hjólaskýli skóla og leikskóla	10,000	10,000	10,000	10,000	40,000
Skólamál - viðhald og endurbætur	55,000	130,000	5,000	5,000	195,000
Hof endurnýjun á búnaði	30,000	25,000	25,000	45,000	125,000
Sundlaug Ak - Innlaug og klórkerfi	190,000	125,000			315,000
KA svæði - uppbygging	560,000	500,000	500,000	600,000	2,160,000
Boginn - lýsing og gervigras			60,000	160,000	220,000
Þórssvæði - uppbygging	150,000	350,000			500,000
Önnur íþróttamál	30,000			50,000	80,000
Slökkvistöð endurbætur	10,000	30,000	50,000	50,000	140,000
Kjarnaskógur leiksvæði og snyrtingar	5,000	20,000	20,000	20,000	65,000
Hamrar uppbygging og brunamál	18,000	35,000	25,000	25,000	103,000
Ráðhús endurbætur	10,000	20,000	200,000		230,000
Stofnbúnaður fyrir aðalsjóð	115,000	100,000	100,000	120,000	435,000

Framkvæmdaáætlun 2024 - skipting málaflokka




Fasteignir Akureyrarbæjar	2024	2025	2026	2027	Samtals
Félagsþjónusta	80,000	250,000	215,000	110,000	655,000
Fræðslu- og uppeldismál	564,500	560,000	365,000	415,000	1,904,500
Menningarmál	30,000	25,000	25,000	45,000	125,000
Æskulýðs- og íþróttamál	943,000	975,000	560,000	810,000	3,288,000
Brunamál og almannavarnir	10,000	30,000	50,000	50,000	140,000
Umhverfis- og atvinnumál	5,000	55,000	45,000	45,000	150,000
Sameiginlegur kostnaður	130,000	120,000	300,000	120,000	670,000



Framkvæmdayfirlit Eignasjóðs gatna o.fl. 2024-2027


Eignasjóður gatna	2024	2025	2026	2027	Samtals
Kjarnaskógur leiksvæði og snyrtingar	5,000	20,000	20,000	20,000	65,000
Hamrar uppbygging og brunamál	18,000	35,000	25,000	25,000	103,000
Ráðhús endurbætur	10,000	20,000	200,000		230,000
Stofnbúnaður fyrir aðalsjóð	115,000	100,000	100,000	120,000	435,000
Gatnagerðargjöld	-800,000	-800,000	-800,000	-800,000	-3,200,000
Endurbygging gatna	87,000	150,000	190,000	165,000	592,000
Nýbygging gatna	485,000	440,000	520,000	500,000	1,945,000
Malbikun gatna	110,000	120,000	120,000	120,000	470,000
Gangstéttar og stígar	233,000	265,000	230,000	200,000	928,000
Ýmis verk	20,000	30,000	30,000		80,000






Framkvæmdaáætlun fyrirtækja B-hluta

Framkvæmdaáætlun fyrirtækja í B-hluta 2024 (þús.kr.)




Framkvæmdir Norðurorku 2024 (þús.kr.)






Skipting gjalda helstu málaflokkar- 2024




Þróun launakostnaðar í A-hluta (þús.kr.)






Skatttekjur - Málaflokkur 100

Skatttekjur heild




Útsvar




- Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignaskatti, lóðarleigu og framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.

Skipting skatttekna - 2024



● FASTEIGNASKATTUR ● FRAML ÚR JÖFNUNARSJÓ ● LÓÐARLEIGUR ● ÚTSVAR

Framlög Jöfnunarsjóðs






Fasteignagjöld - skipting


Fasteignaskattur

● Áætlun ● Raun




Lóðarleiga

● Áætlun ● Raun




- Fasteignagjöld eru innheimt af öllum fasteignum í sveitarfélaginu. Þau skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu og sorphirðugjald sem renna til aðalsjóðs og vatnsgjald og fráveitugjald sem renna til Norðurorku.

Skipting fasteignagjalda 2024



Sorphirðugjald

● Áætlun ● Raun






Félagssþjónusta - Málaflokkur 102


Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




Laun

● Áætlun ● Raun




- Félagssþjónusta samanstendur af þjónustu við fatlaða, þjónustu við börn og unglinga, þjónustu við aldraða og ýmissri annarri félagslegri þjónustu.

Skipting gjalda - 2024




Málaflokkar félagssþjónustu






Félagssþjónusta - Málaflokkur 102

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)




Þjónusta við börn og unglinga




- **Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)** er lögbundin þjónusta og búast má við aukinni ásókn í þetta form þjónustu.
- Þjónusta við börn og unglinga hefur aukist undanfarin ár. Starfsstöð barnaverndar var færð til í reikningshaldi árið 2020 og útskýrir að stórum hluta stökkið milli 2019 og 2020. Í áætlun 2024 er gert ráð fyrir mikilli aukningu vegna barnaverndarúrræða

Fjárhagsaðstoð



Ferliþjónusta fatlaðra






Fræðslumál - Málaflokkur 104


Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun



Laun

● Áætlun ● Raun




- Undir málaflokk fræðslumála fellur rekstur leik- og grunnskóla auk tónlistarskólans og annarrar fræðslustarfsemi.


- Í september 2023 var öllum börnum sem náð höfðu 1 árs aldri boðið leikskólapláss. Áfram er stefnt að því að bjóða öllum árgömlum börnum leikskólapláss frá hausti ár hvert.

- Foreldrar barna sem hafa náð 12 mánaða aldri, ekki fegnið leikskólapláss og ekki nýta sér þjónustu dagforeldra er boðið upp á heimgreiðslur.

Skipting gjalda - 2024



Skipting fræðslumála






Grunnskólar


Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




Laun

● Áætlun ● Raun




Skipting gjalda - áætlun 2024



Húsaleiga

● Áætlun ● Raun






Leikskólar


Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun




Laun

● Áætlun ● Raun




- Akureyrarbær rekur 9 leikskóla auk þess að veita framlög til reksturs eins einkarekins leikskóla.
- Áætlaður heildarfjöldi barna á leikskólum Akureyrarbæjar árið 2024 er 1030.
- Áætlaður kostnaður Akureyrarbæjar við hvert leikskólabarn er 3.641 þús.kr. á ári.
- Kostnaðarpátttaka foreldra er að meðaltali 9%.

Skipting gjalda - áætlun 2024



Húsaleiga


● Áætlun ● Raun






Menningarmál - Málaflokkur 105

Rekstrarniðurstaða




Laun




- Til menningarmála telst ýmis menningartengd starfsemi, rekstur safna s.s. Amtsbókasafnsins og Listasafnsins sem og framlög til Menningarfélags Akureyrar, MAk.



Skipting gjalda - áætlun 2024





Húsaleiga





Æskulýðs- og íþróttamál - Málaflokkur 106





- Undir æskulýðs- og íþróttamál fellur m.a. rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar, styrkir til íþróttafélaga, rekstrarframlög til Hlíðarfjalls, rekstur félagsmiðstöðva, forvarnastarfsemi og vinnuskólinn.
- Frístundastyrkur hækkar um 5.000 kr. ár árinu 2024 og verður 50.000 kr. á ári





Brunamál og almannavarnir - Málaflokkur 107





- Slökkviliðið annast brunavarnir, sjúkraflutninga og sjúkraflug, björgunarstörf og almannavarnir.



Umferðar- og samgöngumál - Málaflokkur 110



- Til umferðar- og samgöngumála heyrir m.a. rekstrarframlag til Strætisvagna Akureyrar, snjómokstur og leiga og viðhald gatna.






Umhverfið okkar - ýmis mál


Snjómokstur og hálfuvarnir

● Áætlun ● Raun




Hreinsun gatna

● Áætlun ● Raun




Fegrun og hirðing opinna svæða

● Áætlun ● Raun





Viðhald og rekstur gatnakerfis



● Áætlun ● Raun



Sameiginlegur kostnaður - Málaflokkur 121



- Sameiginlegur kostnaður er stjórnsýsla sveitarfélagsins, bæjarstjórn og starfsemi fjársýslusviðs og stjórnsýslusviðs sem veitir ýmsa innri og ytri stoðþjónustu við svið og stofnanir sveitarfélagsins.
- Á árinu 2022 fluttust 5 starfsmenn af málaflokki atvinnumála yfir á sameiginlegan kostnað, í kjölfar skipulagsbreytinga.






Fasteignir Akureyrarbæjar - 3100


Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun



Viðhald


● Áætlun ● Raun



- Fasteignir Akureyrarbæjar er eignasjóður sem annast nýbyggingar, viðhald og rekstur fasteigna bæjarins. Leigutekjur sjóðsins koma að lang stærstu leyti frá rekstrareiningum innan aðalsjóðs, m.a. vegna skóla og íþróttamannvirkja.


Skipting gjalda - áætlun 2024

● Fjármagnsliðir
 ● Afskriftir
 ● Viðhald
 ● Fasteignagjöld
 ● Þjónustukaup án inn...



Tekjur

● Áætlun ● Raun






Umhverfismiðstöð - 3300


Rekstrarhalli

● Áætlun ● Raun



Laun


● Áætlun ● Raun



- Umhverfismiðstöð er fyrirtæki í eigu Akureyrarbæjar og flokkast með A-hluta.
- Umhverfismiðstöð annast hirðingu bæjarins, slátt, þrif, skreytingar og snjómokstur.
- Tekjur Umhverfismiðstöðvar koma að stærstum hluta frá aðalsjóði.


Skipting gjalda 2024

- Laun og launatengd...
- Vörukaup
- Þjónustukaup án inn...
- Afskriftir
- Fjármagnsliðir
- Annar starfsmannak...
- Fasteignagjöld





Tekjur

● Áætlun ● Raun









Félagslegar íbúðir - 4300





- Félagslegar íbúðir er B-hluta fyrirtæki sem annast rekstur og viðhald leiguíbúða sveitarfélagsins.
- Leiguíbúðir eru alls 345.
- Úthlutun leiguíbúða tilheyrir félagsþjónustu.



Strætisvagnar Akureyrar (SVA) - 4500




- Starfsemi SVA skiptist í rekstur almennings-samgangna og ferliþjónustu fatlaðra.
- Þjónusta SVA er gjaldfrjáls.
- Rekstrarframlög strætisvagna koma úr málaflokki umferðar- og samgöngumála og vegna ferliþjónustu úr málaflokki félagsþjónustu






Hlíðarfjall - 4800

Rekstrarframlög frá Aðalsjóði




Tekjur




- Hlíðarfjall annast rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.
- Hlíðarfjall er rekið með þjónustutekjum og framlögum úr Aðalsjóði.

Skipting gjalda - áætlun 2024



Laun






Hafnasamlag Norðurlands - 4900


Rekstrarniðurstaða

● Áætlun ● Raun



Tekjur


● Áætlun ● Raun



- Hafnasamlagið annast rekstur hafnanna á Akureyri, Hjalteyri, Hrísey, Grímsey, Grenivík og Svalbarðseyri.
- Tekjur Hafnasamlagsins drógust saman á árinu 2020 vegna hruns í komu skemmtiferðaskipa en hafa aukist jafn og þétt síðustu ár.

Skipting gjalda - áætlun 2024

- Laun og launatengd...
- Þjónustukaup án inn...
- Afskriftir
- Vörukaup
- Styrkir og framlög
- Annar starfsmannak...
- Fjármagnsliðir
- Fasteignagjöld



Laun

● Áætlun ● Raun

